

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður hf. Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra



Dags eftirlits	10.12.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Reykjagarður hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Fossháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingbórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað inn með fullnægjandi upplýsingum fyrr en 12. janúar 2025 og telst því frávíkinu lokað. 2) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað inn með fullnægjandi upplýsingum fyrr en 12. janúar 2025 og telst því frávíkinu lokað. 3) Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað fyrr en 15. ágúst 2024 og telst því frávíkinu lokað.

Engin eldri frávík voru opin.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að fara yfir listann í grein 4.1 í starfsleyfinu og sannreyna að öll atriðin séu skráð í ársyfirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Reykjagarði í Jarlstöðum 10. desember 2024.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 26. febrúar 2019 og gildir til 26. febrúar 2035.

Um er að ræða bú til framleiðsli á alifuglum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 60.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
3. Áhættumat
4. Lyktarstjórnun, mælingar
5. Dreifing áburðar
6. Áætlanir
7. Kvartanir
8. Vettvangsferð
9. Annað

1. Í eftirlitinu var farið yfir stöðu frávika frá síðasta eftirliti árið 2022. Í eftirlitinu voru sett fram tvö frávík, rekstraraðili framkvæmdi ekki mælingar eða útreikninga á losun á starfseminni í samræmi við töflur 1.1., 1.2 og 3.2 Í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfseminna. Þessum niðurstöðum hefur verið skilað inn til Umhverfisstofnunar og telst því frávíkinu lokað. Annað frávík var vegna þess að það vantaði árekstrarvarnir við húsgeymana. Rekstraraðili brást við þessu frávíki og setti árekstrarvarnir við geymana og telst frávíkinu því lokað. Fimm ábendingar komu fram í þessu eftirliti. Huga þarf að snyrtimennsku við tæmingu hauggeymslunnar, fara þarf yfir listann í grein 4.1 í starfsleyfinu og sannreyna að öll atriðin séu skráð. Bæta þarf við einingum fyrir mælingar á loftgæðum í umhverfissvöktunarskýrslunni. Rekstraraðila var bent á að taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí á hverju ári. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa.

2. Heildar framleiðsla fyrir árið 2023 voru 464.509 fuglar og fyrir árið 2022 441.194 fuglar. Meðalfjöldi fugla á tíma fyrir árið 2023 er 42.685 fuglar og er því fjöldi fugla í búinu stöðugur og undir 60.000 á tíma.

Rekstraraðili á að skila inn ársyfirliti samkvæmt starfsleyfi. Ársyfirliti var ekki skilað inn með fullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2022 eða 2023 og er það því frávík frá starfsleyfinu. Umhverfisstofnun barst fullnægjandi ársyfirlit 10. janúar 2025 fyrir árin 2022 og 2023 og telst því frávíkinu lokað. Útstreymisbókhaldi var skilað inn seint og er telst það því frávík, því var skilað inn 15. ágúst 2024 og er frávíkinu því lokað

Rekstraraðili var minntur á að skila inn útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Engin lyf eru notuð í búinu. Einu efnin sem notuð eru eru hreinsiefni, engin spilliefni, allt skráð í græna bókhaldið.

3. Farið var yfir áhættumat 2024 fyrir tíðni eftirlits 2025.

4. Reykjagarður sendi inn þann 29. apríl 2024 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv BAT fyrir árið 2022 og árið 2023. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2022 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,27 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2023 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,34 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2022 sem úrgangsefni var 0,029 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24. Þessum niðurstöðum ber að skila til Umhverfisstofnunar.

Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2023 sem úrgangsefni var 0,038 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2022 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,02 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi ammóníaks í andrúmsloftið einu sinni á ári skv. BAT 25.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2023 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,03 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Ekki var hægt að fara í skoðunarferð vegna fuglaflensu á suðurlandi. Eftirlitsaðili fékk að sjá myndir og mun skoðunarferð vera tekin betur út í næsta eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr 4.1 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar í ársyfirliti voru ekki fullnægjandi fyrir árið 2022. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn 10. janúar 2025 og telst því frávikin lokað..
Gr 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar í ársyfirliti voru ekki fullnægjandi fyrir árið 2023. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn 10. janúar 2025 og telst því frávikin lokað.
2.gr. reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald fyrir árið 2023 barst 15. ágúst sl. og því er frávikin lokað.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að fara yfir listann í grein 4.1 í starfsleyfinu og sannreyna að öll atriðin séu skráð í ársyfirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.01.2025

Auður Eyberg Helgadóttir